



Borgarráð

Reykjavík, 4. maí 2026

MSS26050011

### **Tímabundin ráðning sérfræðinga á skrifstofu skipulags- og byggingarmála**

Lagt er til að umhverfis-og skipulagssviði verði heimilað að ráða þrjá sérfræðinga á deild skipulagsmála á skrifstofu skipulags-og byggingarmála tímabundið til þriggja ára. Laun starfsfólks verði færð í eignasjóð, kostnaðarstað 4200.

Einnig er sviðsstjóra falið að skoða með hvaða hætti er hægt að efla verkefnastýringu á Ártúnshöfða sem er stærsta og flóknasta uppbyggingasvæði í Reykjavík.

### **Greinargerð**

Samningar um uppbyggingu á ríkislóðum voru samþykktir í borgarráði þann 30. apríl s.l. Um er að ræða samninga sem eru tímabundnir til þriggja ára og mikilvægt að sú tímalína haldist.

Svo undirbúningur skipulags vegna ríkislóða skerði ekki þjónustu né tefji afgreiðslu annarra uppbyggingaraðila er mikilvægt að nauðsynlegar mannaflí séu til staðar á umhverfis-og skipulagssviði til þess að tryggja eðlilegan málshraða og halda tímalínu.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri



**Reykjavík**